

Alþingi  
Erindi nr. P 130/71  
komudagur 3.11.2003



Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
b/t Ágústs Geirs Ágústssonar, nefndarritara  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. október 2003


**Efni: Frv. til l. um br. á l. nr. 90/2003 um tekju- og eignarskatt (88. mál).**

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Verslunarráð getur tekið undir ýmislegt sem lagt er til með frumvarpinu en vill þó koma að eftirfarandi athugasemdum.

Í 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að lög um alþjóðleg viðskiptafélög falli niður og eru nokkrar greinar frumvarpsins í samræmi við það (2. gr., b. liður 3. gr., b. liður 6. gr. og b. liður 9. gr.) Verslunarráð telur ekki ástæðu til að felldur sé niður möguleiki á starfrækslu alþjóðlegra viðskiptafélaga þó svo að þau séu enn fá, eins og segir í greinargerð. Tilgangur laga um alþjóðleg viðskiptafélög er að efla erlenda fjárfestingu á Íslandi og áriðandi að ekki sé horfið frá því markmiði. Þar til að almennur tekjuskattur fyrirtækja hefur verið lækkaður til samræmis við alþjóðleg viðskiptafélög er varhugavert að telja alþjóða viðskiptafélög óþörf.

Verslunarráð leggst gegn áframhaldandi álagningu sérstaks tekjuskatts skv. 12. gr frumvarpsins. Verði álagningunni haldið fram, telur Verslunarráð viðmiðunarmörkin alltof lág og til þess fallin að hafa vinnuletjandi áhrif á launþega.

Virðingarfyllst,  
f.h. Verslunarráðs Íslands,

  
Sigprúður Ármann.